



Fréttabréf Tónmenntaskóla Reykjavíkur Janúar 2020



Starfsfólk Tónmenntaskóla Reykjavíkur óskar ykkur öllum gleðilegs árs og þakkar fyrir samstarfið á liðnu ári.

Hagnýtar upplýsingar

Skrifstofa skólans er opin kl. 13:00 – 16:00 virka daga. Viðtalstími skólastjóra er eftir samkomulagi.

Sími Tónmenntaskólans er **562 8477**. Símsvari tekur við skilaboðum utan skrifstofutíma.

Mætingar

Þess er óskað að fjarvistir nemenda og ástæður fyrir þeim, séu tilkynntar samdægurs í gegnum nemendanetið (School Archive), með tölvupósti tms@tonmenntaskoli.is eða í síma 562 8477 á skrifstofu skólans (einnig í símasvara fyrir hádegi), en borið hefur á því að tilkynningar séu aðeins sendar í sms á hljóðfærakennara. Tryggja þarf að skólinn og tónfræðikennarar fái einnig skilaboðin. Vakin er athygli á því að mætingaskylda er í alla tíma í Tónmenntaskólanum og ætlast er til að öll forföll séu tilkynnt.

Heimasíða skólans er www.tonmenntaskoli.is og við erum einnig á Facebook, www.facebook.com/tonmenntaskoli

Foreldraviðtöl – heimsóknir í tíma

Dagana 20. - 24. janúar munu kennarar bjóða foreldrum í viðtal og heimsókn í spilatíma. Ætlunin er þá að hljóðfærakennarar ræði stuttlega við foreldra / forráðamenn – án barnsins og svo hlusta foreldrar á spilatíma barnsins það sem eftir lifir tímans.

Tónleikar og samspil

Á vorönn verða yfir 20 tónleikar haldnir á vegum skólans. Laugardagana 21. og 28. mars verða sjö tónleikar hvorn daginn frá kl. 10:30 og á klukkutíma fresti til kl.17:30. Á þessum tónleikum munu **allir nemendur skólans** fá tækifæri til að koma fram og bjóða sínu fólki að koma og hlusta. **Því biðjum við foreldra að taka þessa daga frá strax.**

Auk tónleika verða samspilsæfingar á sal, reglulega yfir önnina. Samspilin eru hugsuð sem aukaæfingar fyrir nemendur í að koma fram fyrir hvorn annan, þar sem kannski ekki alveg eins margir áheyrendur eru til staðar og andrúmsloftið örlítið afslappaðra en á stórum tónleikum. Samspilin eru því aðeins fyrir nemendur og ekki er ætlast til að aðstandendur mæti (nema með mjög ungum nemendum). Kennarar ákveða hverjir spila á samspili og hvenær.

Hljómsveitabúðir sameiginlegra hljómsveita Tónmenntaskólans og Tónskóla Sigursveins verða haldnar helgina 7. – 8. mars í Þorlákshöfn.

Hljómsveitartónleikar verða haldnir 25. apríl í Seltjarnarneskirkju.

Maxímús Músíkús og hljóðfærakynningar

Í áráraðir hefur skólinn haldið sérstaka hljóðfærakynningu fyrir forskólabörnin í byrjun febrúar. Þar gefst þeim tækifæri til að sjá hvaða hljóðfæri eru í boði að læra á, sem getur auðveldað þeim valið ☺

Í ár ætlum við að bregða svolítið út af vananum og í stað "venjulegra" tónleika fáum við Maxímús Músíkús í heimsókn. Eldri nemendur skólans munu flytja söguna „Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann“ á hin ýmsu hljóðfæri ásamt Jónasi Sen, píanóleikara. Hljóðfæraleikararnir okkar fara svo í heimsókn og verða með Sögustund með Maxa í Austurbæjarskóla 7. febrúar fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar, og í **Hörpu, Kaldalóni laugardaginn 15. febrúar kl.11:30** þangað sem allir eru velkomnir. Ókeypis er á sögustundina í Hörpu en skráning er nauðsynleg og afhending miða fer fram í gegnum miðasölu Hörpu í síma 528 5050.

Á þessum link (<https://www.sinfonia.is/fraedslustarf/maximus-musikus/>) er hægt að hlusta á lagið hans Maxa og sækja textann af laginu.

Skólapeysur

Margir bíða spenntir eftir skólapeysunum. Foreldrafélagið vinnur hörðum höndum að því að koma þeim í hús, sem vonandi verður um næstu mánaðamót, en nokkurn tíma hefur tekið að innheimta gjaldið.

Leynist tónskáld heima hjá þér?

Vakin er athygli á Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, en með honum er ungu fólki í 5. – 10. bekk grunnskóla, gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi listnemenda og listamanna. Afrakstur þeirrar vinnu má sjá og heyra á tónleikum Upptaktsins á opunardegri Barnamenningarhátíðar sem verður að þessu sinni þann 21. Apríl 2020. Upptakturinn er samstarfsverkefni Hörpu, Barnamenningarhátíðar, RÚV og Listaháksóla Íslands.

Kíkið endilega með börnum ykkar á kynningarmyndbandið sem finna má neðst á síðunni www.harpa.is/uppakturinn en á þar má líka að finna allar frekari upplýsingar.

Tónfræðakennarar Tónmenntaskólans munu líka kynna verkefnið fyrir þeim.

Nemendur Tónmenntaskólans eru oft að semja lög t.d. fyrir valþátt á áfangaprófum og í tónfræðitímum en þau mætti vel nota í þetta verkefni.

Skilafrestur hugmynda er til og með 21. febrúar.

Vetrarfrí verður í Tónmenntaskólanum dagana 28. febrúar – 3. mars að báðum dögum meðtöldum.

Skóladagatal VOR 2020

JANÚAR

6. mán	Kennsla hefst eftir jólaleyfi
10. föst	Síðasti skiladagur miðsvetrarmats
14. þri	Kennarafundur kl.13
20.- 24.	Foreldraviðtöl (heimsókn í tíma)
30. fim	Samspil kl.18:30 á sal

FEBRÚAR

7. föst	Maxímús Músíkús kemur í heimsókn - hljóðfærakynningar
11. þri	Samspil kl.18 á sal
15. lau	Maximus Músikus – Harpa/Kaldalón kl.11:30
18. þri	Áfangapróf
19. mið	Áfangapróf
26. mið	Öskudagur – Búningadagur/ekki frí
28. föst	Vetrarfrí

MARS

2. mán	Vetrarfrí
3. þri	Starfsdagur kennara
7. lau – 8. sun	HLJÓMSVEITABÚÐIR strengjasveita í Þorlákshöfn
11. mið	Samspil kl.18 á sal
12. fim	Tónleikar - Nótu atriði skólans valið kl.18
21. lau	Blandaðir tónleikar
23. mán -27. föst	Próf í Tónfræði bekkir 2 og 3 (hlustun+ skriflegt) Hlustunarpróf í Tónfræði , bekkir 4, 5 og 6 Miðpróf í Tónfræði – Skriflegt (7.bekkur)
26. fim	Blandaðir tónleikar
28. lau	Blandaðir tónleikar
29. sun	NÓTAN – hátíð í Hörpu
30. mán –31. þri	Skrifleg próf í Tónfræði bekkir 4, 5, og 6
31. þri.	Áfangapróf

APRÍL

1. mið – 3. fös	Skrifleg próf í Tónfræði bekkir 4, 5, og 6
1. mið	Áfangapróf
2. fim	Áfangapróf
XX	Miðpróf í Tónfræði – munnlegt (7.bekkur)
6. mán	Páskaleyfi hefst
14. þrið	Kennsla hefst aftur
18. lau	OPINN DAGUR - Hljóðfærakynningar
21.-26. apríl	Barnameningarhátíð
23. fim	Sumardagurinn fyrsti – FRÍ
25. lau	Tónleikar strengjasveita í Seltjarnarneskirkju kl.14 og 16

MAÍ

1. föst	Verkalýðsdagurinn – FRÍ
4.- 7.	VORPRÓF
7. fim	Samspil kl.18:30 á sal
8. föst	Síðasti kennsludagur tónfræðinnar
12. þri	Áfangapróf
13. fim	Áfangapróf
14. fim	Áfangapróf
15. föst	Síðasti skiladagur vormats
16. lau	Vortónleikar í lönó kl.14
20. mið	Endurtekningapróf - sjúkrapróf
21. maí	Uppstigningardagur - FRÍ
22. fös	Síðasti dagur hljóðfærakennslunnar
25. mán	Kennarafundir / starfsdagar
26. þri	Kennarafundir / starfsdagar
27. mið	SKÓLASLIT

Birt með fyrirvara um breytingar.